**7. fundur skóla-, íþrótta- og tómstundanefndar**
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn 19. júní 2024 og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**
Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir varaformaður, Þórir Guðmundsson aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon varamaður.
**Embættismenn:**
Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Dagný Finnbjörnsdóttir, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Formaður óskar eftir að eitt mál verða tekið inn með afbrigðum á dagskrá skóla-, íþrótta-, og tómstundarnefndar. Málið er trúnaðarmál og verður 2. mál á dagskrá. Formaður lagði tillöguna fram til atkvæða. Tillagan samþykkt 4-0.

**Dagskrá:**

Jóna Lind Kristjánsdóttir, áheyrnarfulltrúi leikskólastjórnenda, sat fundinn undir þessum lið.

**1. Skóladagatal leikskóla Ísafjarðarbæjar skólaárið 2024-2025 - 2024040154**

Lögð fram skóladagatöl fyrir leikskóla í Ísafjarðarbæ, fyrir skólaárið 2024-2025.

*Skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd gerir engar athugasemdir við skóladagatölin.*

**2. Trúnaðarmál - 2024030152**

Trúnaðarmál lagt fyrir skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd.

*Mál fært í trúnaðarmálabók.*

**3. Fjarvera nemenda á unglingastigi - 2024060017**

Lögð fram samantekt Jóns Hálfdáns Péturssonar, umsjónarkennara á unglingastigi, dags. 6. júní 2024 um fjarvistir nemenda á unglingastigi í Grunnskólanum á Ísafirði skólaárið 2023-2024.

*Skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd hvetur foreldra grunnskólabarna til að hafa skóladagatal til hliðsjónar þegar leyfi eru skipulögð á skólatíma.*
*Nefndin þakkar Jóni Hálfdáni fyrir áhugaverða samantekt.*

**4. Erindi frá nemendum í grunnskólanum á Ísafirði, vegna seinkunar á skóladeginum. - 2024060046**

Lagt fram bréf nemenda í 8. bekk Grunnskólans á Ísafirði, dagsett 14. maí 2024. Þar sem þeir mótmæla fyrirhuguðum breytingum á upphafi skólatíma næsta skólaár.

*Skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd þakkar bréfriturum fyrir erindið. Nefndir ítrekar að þetta fyrirkomulag er til tilraunar í eitt ár og verður kallað eftir umsögnum frá hagaðilum um mitt næsta skólaár.*

Áheyrnarfulltrúi stjórnenda í leikskólum:
Jóna Lind Kristjánsdóttir, skólastjóri Tanga, sat fundinn undir leikskólamálum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15**

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir

Þórir Guðmundsson

Elísabet Samúelsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Hafdís Gunnarsdóttir

Guðrún Birgisdóttir

Dagný Finnbjörnsdóttir